

Nd.

75. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting og viðauka við lög um mæling á túnunum og matjurtagörðum, nr. 58, 3. nóv. 1915.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Breytingar þær, er frumvarpið flytur á tünamælingalögnum, eru þær: Að ummálsdrættir skuli gerðir eftir mælikvarðanum 1 : 1000, ef hann rúmast á örkinni, en ella 1 : 2000, svo sem löginn mæla fyrir, og

að sá hluti mælingarkostnaðarins, er hreppsnefndir jafna niður, samkvæmt lögnum, á býli, sem metin eru til dýrleika, sje að eins farið eftir tölu býla, hvort sem þau eru metin til dýrleika eður ekki.

Hvað fyrri breytinguna snertir, þá litur nefndin svo á, að tvens konar mælikvarði sje fremur óviðfeldinn á öldungis samskonar starfi og því ákjósanlegast, að allir ummálsdrættirnir sjeu með öllu eins, hvað stærðar hlutföll snertir, enda meira um vert að vita hina rjettu stærð ræktaðs lands en hitt, að fá ummálsdrættina stóra.

Siðari breytingin virðist óþörf, meðal annars af því, að venjulegast munu þær jarðir, sem skifting hefir átt sjer stað á í fleiri býli, vera hærri að hundraðatali en algengt er um jarðir, og þar af leiðandi falla meira gjald á þær fyrir mælinguna, að þeim hluta, er legst á eftir hundraðatölu. En á hina hliðina ekki ólíklegt, að mælingamenn freistudust til að krefjast meiri borgunar, yrði fylgt þeirri reglu, að sjerstakt gjald kæmi fyrir hvert býli, hve litilfjörleg mæling, sem ætti sjer stað.

Það ákvæði laganna, að jafna megi niður sem mælingarkostnaði 10 kr. á hvert býli, sem metið er til dýrleika, og sama upphæð leggist þá einnig á eftir hundraðatali jarðanna, auk 3 kr. úr landssjóði fyrir hvert býli, sem metið er til dýrleika, eða alt að 23 kr., virðist bæði svo ljóst og vel í lagt, að breyting sje ekki nauðsynleg.

Er það því tillaga nefndarinnar, að frumvarpið sje felt.

Stefán Stefánsson,
formaður,
ritari og framsögumaður.

Einar Árnason.

Jón Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Einar Jónsson.